



Nágrannavarsla

Eitt af því fyrsta sem þú þarft að huga að er hversu stórt nágrannavörslusvæðið á að vera. Reynslan sýnir að árangursríkara er að skipuleggja nágrannavörslu á minni svæðum s.s. í einni götu eða að það nái yfir eitt fjölbýlishús.

Dæmi er um að ein lítil gata hefur tekið sig til eða eitt raðhús, einn inngangur í fjölbýlishúsi. Það er oft auðveldara fyrir þann sem leiðir verkefnið á meðan að hann er að öðlast reynslu og þekkingu á hvernig nágrannavarsla virkar. Reynslan erlendis sýnir að ef einn byrjar þá fara aðrir af stað sem eikur öryggið í öllu hverfinu til muna.

Hér á landi er nágrannavarsla nú þegar komin af stað í mörgum sveitarfélögum. Sá aðili sem ætlar að hefja Nágrannavörslu þarf að byrja á því að kanna hvort virk nágrannavarsla sé til staðar í sveitarfélaginu. Ástæðan er sú að oft hafa sveitarfélög sett reglur er lúta formlega að stofnun nágrannavörslunnar. Í mörgum tilfellum þarf að fá formlegt leyfi fyrir að stofna nágrannavörslu og svo útvega sveitarfélög oft skiltið sem auðkennir að nágrannavarsla er til staðar í götu eða hverfi. Misjafnt er milli sveitarfélaga hver ber ábyrgð á umsjón með nágrannavörslu í viðkomandi sveitarfélagi. Athugaðu hvort að þú finnur upplýsingar um tengiliði í þínu sveitarfélagi.

Mikilvægt er að undirbúa kynningarfund fyrir nágrannavörsluna vel. Það eykur líkur á að þú nái að vinna hugmyndinni fylgi. Kallaðu saman 3-5 nágranna og kannaðu hver hugur þeirra er til nágrannavörslu. Ef áhugi á málinu er til staðar er tímabært að undirbúa kynningarfund með öllum nágrönnum.

- Fá nágrannana til að líta eftir heimilinu á meðan verið er að heiman.
- Ganga tryggilega frá gluggum og dyrum og athuga að allur læsingabúnaður sé í lagi.
- Ganga frá öllum lausum munum, s.s. reiðhjólum, í læstum geymslum.
- Láta tæma póstkassann, nota ruslatunnuna, slá grasflötina og jafnvel kveikja ljós, eða nota sjálfvirka ljósarofa.
- Láta símsvarann ekki upplýsa að fólk sé að heiman.
- Loka fyrir vatn að þvottavél og uppvottavél.
- Gæta að hvort sirensli sé í blöndunartækjum og að niðurföll séu í lagi.
- Taka raftæki úr sambandi.

Aðili úr undirbúningshóp hefur samband við lögreglu umdæmisins og óskar eftir samstarfi við hana. Lögreglan er ekki ábyrgðaraðili nágrannavörsluverkefnis en er í flestum tilfellum fús til þess að koma inn ákynningarfundum og deila reynslu sinni af nágrannavörslu og innbrotum almennt í forvarnaskyni.

Haldið kynningarfund með nágrönnum

Fyrirkomulag kynningarfundarins þarf að vera skýrt og þannig kynnt að sem flestir vilji vera með. Nauðsynlegt er að hafa svör við sem flestum spurningum á reiðum höndum. Gott er að hafa í huga að það þurfa ekki allir á því svæði sem skilgreint hefur verið að verða aðilar að nágrannavörslunni. Því fleiri sem eru með því betra.



Dagskrá kynningarfundar

Hér að neðan má sjá tillögu að dagskrá fundar þar sem nágrannavarslan er kynnt. Dagskrána má kynna í dreifibréfinu/fundarboðinu.

1. Hvað er nágrannavarsla?
2. Hvernig er nágrannavarsla skipulögð?
3. Hvernig gerum við heimilið okkar öruggara?
4. Farið yfir gátlista
5. Aðkoma sveitarfélags.
6. Reynsla og aðkoma lögreglu.
7. Láta lista ganga og fá undirskrift þeirra sem vilja vera með (nafn, sími, netfang).



GÁTLISTI FYRIR HEIMILI

Hvernig á að nota gátlistann:

Farðu yfir eftirfarandi þætti og notaðu gátlistann sem vegvísi.

Öryggiskerfi

Já Nei

Er kerfið á þegar enginn er heima?

Er kerfið virkt á nóttunni?

Kunna börnin ykkar að nota kerfið?

Eru límmiðar í gluggum sem auðkenna að kerfi er fyrir hendi?

Eru hreyfiskynjarar hluti af kerfi?

Gluggar

Já Nei

Eru stormjárn í gluggum sem lokast til hliðar?

Er gluggi við hliðina á hurð öruggur?

Læsingar

Já Nei

Er lás hurða traustur og ekki hægt að opna án verkfæra?

Lýsing

Já Nei

Er heimilið vel upplýst að utan?

Er lýsing á húsvegg og svæði sem snýr frá götu?

Er lýsing í garði þar sem mikill gróður er?

Er lýsing að einhverju leyti tengd hreyfingu?

Er hægt að tengja lýsingu innandyra við tímarofa?

Dagblöð og póstur

Já Nei

Eru dagblöð fjarlægð þegar enginn er heima?

Er pósturinn fjarlægður þegar enginn er heima?

Tæmir einhver póstkassann þinn (fjölbyli)?

Sími

Já Nei

Er heimasíminn stilltur yfir í GSM?

Er símsvarinn þinn stilltur eins og venjulega?



Já Nei

Gardínur

Eru gardínurnar skildar eftir þegar þú ferð í burtu eins og einhver væri heima?

Hurðir

Já Nei

Er útidyrhurðin alltaf læst?

Er svalahurðin alltaf læst?

Er bakhurðin alltaf læst?

Eru allar hurðir læstar þegar einhver er heima?

Er öryggisgler í útidyrhurð með gleri?

Aukalyklar

Já Nei

Eru aukalyklar öruggir og ekki geymdir undir mottu eða í blómapotti?

Er aukalyklasett hjá nágranna eða ættingja?

Veist þú hvar öll eintök af húslyklum eru?

Bréfalúga

Já Nei

Er bréfalúga staðsett á þjófheldum stað?

Dyrasími (fjölbyli)

Já Nei

Þekkir þú alltaf þann sem þú opnar fyrir?

Er millihurð fjölbylis alltaf læst?

Opnar þú í einhverju tilfelli fyrir þeim sem þú þekkir ekki sem segist t.d. hafa ýtt á ranga bjöllu?

Hlið girðinga/skjólveggja

Já Nei

Er læsing og opnun hliðs eingöngu að innan?

Gróður

Já Nei

Byrgir gróður sýn frá götu?

Er gluggi á húsvegg við þéttan gróður ?



Frágangur á lóð/við hús

Já Nei

Eru tómar umbúðir t.d. raftækja ávallt fjarlægðar eða settar í geymslu/rusl/bílskúr?

Er gengið frá garðáhöldum eftir notkun?

Er gengið frá lausum hellum eða steinum fyrir utan hús eða breitt yfir þær?

Er gengið frá sláttuvélinni strax eftir notkun?

Eru reiðhjól alltaf skilin eftir læst fyrir utan hús eða á lóð?

Frágangur verðmæta

Já Nei

Er frágangur verðmæta (s.s. fartölva) þannig að þau sjást ekki inn um glugga?

Er til listi og myndir af innbúi?

Eru myndirnar og listinn geymdur hjá ættingja?

Eru háar peningaupphæðir geymdar í banka eða öryggishólfi?

Á leiðinni í ferðalag

Já Nei

Er til afrit af vegabréfum fjölskyldunnar?

Eru afritin geymd annars staðar en heima?

Ertu búin að biðja nágranna/vin/ættingja að fara reglulega heim til þín (sjá ítarefni)?

Netið

Já Nei

Geta allir séð ferðaáætlun þína á Netinu, t.d. á facebook eða bloggsíðu?

Bílskúr/bílskýli

Já Nei

Nær öryggiskerfið yfir bílskúrinn?

Eru gluggar með gardinum eða með rimlum?

Nær verðmætalisti heimilisins yfir bílskúrinn?

Er góð lýsing yfir bílskúr?

Er góð læsing á bílskúrshurð?



Veist þú hvar allir lykjar að bílskúrnum eru?

Eru hurðar ávallt læstar?

Eru gluggar ávallt læstir?

Geymslur í fjölbýli

Já Nei

Eru rimlar fyrir glugga í geymslu?

Nær öryggiskerfið yfir geymsluna?

Nær verðmætalisti heimilisins yfir geymsluna?

Er góð læsing á geymslu?

Veist þú hvar allir lykjar að geymslunni eru?